

## Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar Landssambands hreyfihamlaðra, haldinn þann 11. september 2021, skorar á ríkisvaldið að tryggja fötluðu og langveiku fólki viðunandi, raunhæfa og skerðingarlausu framfærslu með það að markmiði að gera þeim kleyft að framfleyta fjölskyldu sinni og lifa sjálfstæðu lífi til jafns við aðra.

### Skýring:

Vitnað er í 28. gr. samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um viðunandi líf skjör og félagsleg vernd:

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi líf skjara því til handa, meðal annars viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi líf skjilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.

## Ályktun um húsnæðismál

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 11. september 2021 skorar á ríki og sveitarfélög að þau tryggi að hreyfihamlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra.

Til þess að svo megi verða skal tryggja að enginn verði þvingaður í búsetuform eða úrræði gegn hans vilja eða þörfum.

Einnig er mikilvægt að tryggja að hreyfihamlað fólk sem býr í eigin húsnæði geti aðlagð húsnæðið eftir sínum þörfum hverju sinni án þess að þurfa að skuldsetja sig umfram aðra.

Í því samhengi ályktar fundurinn að komið verði á styrkjakerfi eða framkvæmdasjóði á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem aðstoðar einstaklinga í þessari stöðu við að standa straum að slíkum kostnaði sem er til kominn vegna hreyfihömlunar eða fötlunar.

## Ályktun um hjálpartækjamál

Landsfundur Sjálfsbjargar Landssamband hreyfihamlaðra haldinn þann 11. september 2021 skorar á ríkisvaldið og stjórnendur Sjúkratrygginga Íslands að tryggja hreyfihömluðum einstaklingum viðeigandi hjálpartæki til allra þeirra athafna sem þeir kjósa að stunda í daglegu lífi, leik og starfi.

Núverandi regluverk um hjálpartækjamál er allt of takmakað er varðar úthlutanir á hjálpartækjum sem eru hreyfihömluðum nauðsynleg til að stunda íþróttir, hreyfingu og útivist.

Hreyfihamlaðir einstaklingar standa oft frammi fyrir miklum aukakostnaði við kaup á búnaði sem er beinlínis til kominn vegna sérbúnaðar og aðlögunar.

Fundurinn telur ótækt að einstaklingarnir beri þennan kostnað að öllu leiti sjálfir og skora á yfirvöld að endurskoða regluverk sem að þessu snýr.